



Reykjavík, 2. desember 2021

R21060202

6631

HH

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### ***Breiðholt 3 - Fell - deiliskipulag***

Á fundi borgarráðs þann 2. desember 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 25. nóvember 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 24. nóvember 2021 á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðholts 3, vegna Völvufells, Drafnarfells, Eddufells og Yrsufells, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér er um að ræða deiliskipulag á þróunarsvæði þar sem gert er ráð fyrir nýjum sameinuðum leikskóla, stórbættum útivistarsvæðum, nýjum námsmannaíbúðum og sérbýlishúsum. Við fögnum þessari þéttingu.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Líða fer að lokum kjörtímabilsins og ekkert hefur gerst í málefnum Arnarbakka og Völvufellsins, en í upphafi kjörtímabils voru fasteignir í þessum þjónustukjörnum keyptir, fyrir u.þ.b. einn milljarð króna, til að hleypa í þá lífi. Nú er komið að lokum kjörtímabilsins og ekkert hefur verið gert. Þannig er útséð með að íbúar Breiðholts geti notið þessara þjónustukjarna eins og til stóð á þessu kjörtímabili. Það eina sem mun skila sér á þessu kjörtímabili eru teikningar og undirskriftir.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér er um nauðsynlega aðgerð að ræða, hverfið þarf að bæta. Margar litlar aðgerðir mynda að lokum stóra breytingu. Þarna ætti að fara sér hægt en stefna einbeitt að því að bæta hverfið með mörgum þáttum og fjölga íbúum. Í hverfinu eru ekki friðaðar